



Alþingi, nefndasvið
Þórshamri v/Templarasund
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. apríl 2006

Tilvísun : 2006030003

Hér fylgir umsögn Barnaverndarstofu lögð fram á fundi menntamálanefndar þann 27. apríl 2006.

Barnaverndarstofa hefur ákveðið að fjalla fyrst og fremst um ákvæði 10. gr. frumvarpsins, um starfsskilyrði í æskulýðsstarfi. Í 3. mgr. 10. gr. segir að óheimilt sé að ráða til starfa skv. lögnum einstaklinga sem hlotið hafa refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga um kynferðisbrot eða vegna brota á ákvæðum laga um ávana- og fikniefni. Í grg. sem fylgir frumvarpinu segir að fyrirmynd þessa bannákvæðis sé að finna í 2. mgr. 36. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, hvað varði brot á almennum hegningarlögum. Þá segir í greinargerð að eðlilegt þyki að leggja til þá auknu kröfu til umsækjenda um þau störf með börnum sem lögin taki til að viðkomandi hafi auk þess ekki hlotið dóm fyrir innflutning, dreifingu eða sölu ávana- og fikniefna. Ennfremur kemur fram að vegna bannákvæðisins sé gert ráð fyrir að umsækjendur um þau störf sem lögin taki til þurfi að leggja fram sakavottorð með umsókn sinni.

Nokkur munur er á ákvæði barnaverndarlaga nr. 80/2002 (bvl) og því sem hér er lagt til og telur Barnaverndarstofa rétt að skýra það nánar. Munurinn er fyrst og fremst þrenns konar.

- Í fyrsta lagi nær bannákvæði barnaverndarlaga einungis til starfa með börnum, þ.e. hjá barnaverndaryfirvöldum eða heimilum eða stofunum skv. barnaverndarlögum, og er þar átt við einstaklinga undir 18 ára aldri, sbr. 3. gr. bvl. Í 1. gr. frumvarps til æskulýðslaga segir hins vegar að lögin miðist við æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni, einkum á aldrinum 6-25 ára. Í grg. með frumvarpinu er talað um störf með börnum og verður Barnaverndarstofa að mæla með því að þetta verði afmarkað nánar í lögnum.

- Í öðru lagi þá nær bannákvæði bvl. einungis til brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þegar brot beinist gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri. Í frumvarpi til æskulýðslaga er hins vegar miðað við brot á ákvæðum XXII. kafla án tillits til þess að hverjum brot hefur beinst og er því all nokkuð víðtækara.

- Í þriðja lagi þá gera bvl. ráð fyrir að rekstraraðilar eigi rétt til upplýsinga úr sakaskrá um þessi tilteknu brot sem þarna koma til álita. Þannig er ekki gert ráð fyrir að skylt sé að skila sakavottorði með umsókn heldur er gert ráð fyrir að vinnuveitandi meti fyrst almennt hæfi umsækjenda. Þegar liggur fyrir hverjir af umsækjendum geti komið til greina þá óski vinnuveitandi eftir tilteknum upplýsingum úr sakaskrá um þessa aðila. Upplýsingar úr sakaskrá eru annars konar en sakavottorð sem einstaklingar afla sjálfir skv. reglugerð nr. 569/1999 um sakaskrá ríkisins. Samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar á einstaklingur rétt á sakavottorði um sjálfan sig. Í slíku sakavottorði eru gefnar að sumu leyti takmarkaðar



upplýsingar, þ.e. niðurstöður máls aðrar en fangelsisdómar (svo sem sektir) eru ekki tilgreindar ef liðin eru 3 ár frá því máli var lokið, og fangelsisdómar eru ekki tilgreindir ef liðin eru 5 ár frá dómsuppkvaðningu eða frá því dómþoli var látinn laus hafi hann arplánað refsingu. Upplýsingar úr sakaskrá eru ekki háðar ofangreindum takmörkunum. Sú leið sem var valin í barnaverndarlögum við setningu laganna árið 2002 gerir því ráð fyrir upplýsingum um mjög afmarkaða brotategund en án takmarkana á því hvenær refsað hafi verið fyrir brotið. Sú leið að krefjast sakavottorðs gerir í raun ráð fyrir að væntanlegur vinnuveitandi fái upplýsingar um öll brot umsækjanda sem hann hefur hlotið dóm fyrir innan ákveðins tíma.

Við setningu barnaverndarlaganna var ákveðið að ganga ekki lengra að sinni í þessum efnunum, þ.e. setja ekki frekari bannreglur en þar er um að ræða. Það er þó ljóst að gerðar eru ríkari kröfur til ýmissa þeirra sem sinna umönnum barna á grundvelli barnaverndarlaga, t.d. er viðhöfð sú vinnuregla að óska allra upplýsinga úr sakaskrá um öll brot óháð tíma um alla þá sem óska eftir leyfi til að taka börn í fóstur. Barnaverndarstofa lítur svo á að í hvert og eitt starf megi væntanlegur vinnuveitandi móta kröfur til þess sem kemur til greina í starfið ef slíkt er gert með málefnalegum hætti, m.a. leggja bann við því að viðkomandi hafi brotið af sér með tilteknum hætti og óska upplýsinga þessu til staðfestu. Mikilvægt er að samræmi sé milli þeirrar kröfu sem gerð er og þeirra upplýsinga sem beðið er um.

Til viðbótar við þau starfsskilyrði sem nefnd eru í 10. gr. frumvarps til æskulýðslaga þá mætti hugsa sér að geta einnig um að sá sem taki að sér að vinna með börnum skuli haga störfum sínum í fyllsta samræmi við líkamlegar og andlegar þarfir barns og stuðla að alhliða þroska og heilbrigði hvers og eins barns. Einnig að aldrei megi beita barn líkamlegum eða andlegum refsingum eða þvingunum. Að auki má nefna mikilvægi þess að viðkomandi skuli gæta fyllsta trúnaðar um hagi barns, ungmennis, foreldra og annarra sem hann kann að fá upplýsingar um og að þagnarskylda haldist eftir að starfi er lokið.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu

Hrefna Friðriksdóttir